Gerplutíðindi!

Maí 2019

Norðurlandamót unglinga stúlkna

Þær Hera Lind Gunnarsdóttir og Hildur Maja Guðmundsdóttir kepptu á Norðurlandamóti stúlkna í Svíþjóð 17.-19.maí.
Þær voru að keppa á sínu fyrsta Norðurlandamóti og gekk þeim vel. Hildur Maja lenti í 18.sæti í fjölþraut og var varamaður í úrslitum á gólfi og stökki. Hera Lind lenti í 20.sæti í fjölþraut. Mótið var mjög sterkt og varð íslenska liðið í 5.sæti á mótinu.
Þær eru reynslunni ríkari en keppnisreynsla erlendis nýtist í framtíðinni.

Gerplutíðindi!
Maí 2019

Norðurlandamót unglinga drengja

Þeir Ágúst Ingi Davíðsson, Dagur Kári Ólafsson, Martin Bjarni Guðmundsson, Valdimar Matthíasson og Arnar Arason fóru allir á Norðurlandamót drengja í Halmstad í Svíþjóð 17.-19.maí. Arnar Arason keppti í youth flokki og gekk mjög vel. Hann varð í 12.sæti í fjölþraut, komst í úrslit á öllum áhöldum og endaði í 3.sæti á tvíslá. Dagur Kári Ólafsson keppti í unglingaflokki, komst í úrslit á bogahesti og gerði sér lítið fyrir og varð í 3.sæti aðeins 0,2 stigum frá Norðurlandameistaratitlinum. Martin Bjarni Guðmundsson var í úrslitum á þremur áhöldum, gólfi, stökki og tvíslá og vann til silfurverðlauna á stökki, 4.sæti á gólfi og 5.sæti á tvíslá. Ágúst Ingi Davíðsson keppti til úrslita í hringjum og lenti í 6.sæti. Íslenska liðið endaði í 4.sæti en þeir voru í harðri baráttu um bronsið.

Frá v. Róbert, Martin Bjarni, Dagur Kári, Viktor

Frá v. Ágúst Ingi, Arnar , Martin Bjarni, Jónas Ingi og Dagur Kári

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
Europcar
adidas

Vorsýning Gerplu 2019

Vorsýningin í ár ber heitið Ofurhetjur Gerplu. Þetta er tólfta vorsýningin sem er keyrð með þessu sniði þar sem iðkendur fara í búning og salnum breytt í leikhús. Fimleikafólkið í Gerplu er á heimsmælikvarða og það eru allir búnir að leggja hart að sér á æfingum fyrir sýninguna, þannig það má með sanni segja að þessi sýning verður alveg einstök.

Það verða 5 sýningar í ár, tvær sýningar miðvikudaginn 29.maí og 3 sýningar 30.maí.
Við hvetjum alla til að koma og sjá uppskeru iðkendanna í ár því þetta verður heljarinnar sýning!

Gerplutíðindi!

Maí 2019

Sumarnámskeið Gerplu

Í sumar er í boði að stunda parkour í námskeiðsformi í fyrsta sinn. Um er að ræða hálfsdags námskeið fyrir hádegi fyrir iðkendur fædda 2011-2013 og eftir hádegi fyrir iðkendur fædda 2007-2010. Kennt verður parkour jafnt úti sem inni í íþróttahúsinu í Vatnsendaskóla og verður þá bara tekið mið af veðri hverju sinni. Kennari á námskeiðinu er Stefán Steinar Ólafsson og verður hann með aðstoðarmenn með sér. Takmarkaður fjöldi iðkenda er á hverju námskeiði. Skráning á námskeiðin fer fram hér.

Fimleika– og íþróttafjör

Námskeið 1: 11.júní – 14.júní (4 dagar)
Versalir og Vatnsendi

Námskeið 2: 18.júní – 21.júní (4 dagar)
Versalir og Vatnsendi

Námskeið 3: 24.júní – 28.júní
Versalir og Vatnsendi

Námskeið 4: 1.júlí – 5.júlí
Versalir

Námskeið 5: 8.júlí – 12.júlí
Versalir

Námskeið 6: 15.júlí—19.júlí
Versalir

Námskeið 7: 22.júlí – 26.júlí
Versalir

Námskeið 8: 6.ágúst – 9.ágúst (4 dagar)
Versalir og Vatnsendi

Námskeið 9: 12.ágúst – 16.ágúst
Versalir og Vatnsendi

Fjölbreytt námskeið fyrir 6-10 ára (2013-2009), þar sem lögð verður áhersla á fimleika, aðrar íþróttir, farið í sund ásamt ýmiskonar útiveru.

Hægt er að velja um að vera annars vegar í Versölum (VE) og hinsvegar í Vatnsenda (VA).

Á námskeiðinu er skipulögð dagskrá frá kl. 9:00 - 16:00.

Boðið er upp á gæslu án aukakostnaðar frá kl. 08:00 - 09:00 og frá kl. 16:00 - 17:00.

Verð fyrir 5 daga námskeið er 15.900 kr, fyrir 4 daga námskeið kostar 12.720 kr.
Veittur er 20% systkinaafsláttur innan námskeiðs.

Athugið takmarkaðan fjölda barna á námskeiði.
Skráningar hefjast 1.maí og fara fram á greiðslusíðu Gerplu gerpla.felog.is.

Fimleika- og íþróttafjör

Enn og ný stendur Íþróttafélagið Gerpla fyrir heilsdagsnámskeiðum frá 8:00-17:00. Klukkutíminn í hvorn enda eru gæsla en skipulögð dagskrá er frá 9:00-16:00. Á námskeiðinu eru fagmenntaðir kennarar ásamt aðstoðarkennurum. Farið verður í fimleika ásamt öðrum íþróttagreinum, farið í sund, dagsferðir og leikið úti svo eitthvað sé nefnt. Skráning fer fram hér.

fimleikar.is

Gerplutíðindi!

Maí 2019

Evrópuleikar 2019

Róbert Kristmannsson og Hildur Ketilsdóttir landsliðsþjálfarar í áhaldafimleikum hafa valið Íslandsmeistarana og Gerplufólkið Valgarð Reinhardsson og Agnesi Suto-Tuuha sem fulltrúa Íslands fyrir Evrópuleikana í Minsk 2019. Evrópuleikarnir 2019 fara fram í borginni Minsk í Hvíta-Rússlandi þann 21.-30. júní. Leikarnir eru haldnir á vegum Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC). Ýmis stórmót hafa verið haldin í Minsk síðastliðin ár og eru íþróttaleikvangar og aðrar aðstæður til íþróttakeppni til fyrirmyndar.

Meðal annars verður keppti í bogfimi, frjálsíþróttum, badminton, 3x3 körfubolta, hjólreiðum, fimleikum, júdó, karate, borðtennis og glímu. Í tíu greinum af þeim 15 sem keppt verður í geta keppendur náð lágmörkum á Ólympíuleikana í Tókýó í Japan árið 2020. Gert er ráð fyrir um 4000 keppendum frá 50 löndum. Til samanburðar var keppt í 20 íþróttagreinum á fyrstu Evrópuleikunum, sem fóru fram í Bakú í Azerbaijan í júní árið 2015, en þá var fjöldi keppenda 6000 frá 50 löndum.

Gerplutíðindi!

Maí 2019

Íþróttaálfurinn kom í heimsókn í Gerplu

Íþróttaálfurinn ásamt fylgifiskum heimsótti krílin og bangsana í Gerplu laugardaginn 19. maí.

Heimsóknin vakti að vonum mjög mikla lukku meðal iðkenda og fóru gestirnir í leiki og gerðu æfingar með iðkendum.

Gerplutíðindi!

Maí 2019

Úrvalshópar unglinga í hópfimleikum

Landsliðsþjálfarar unglinga í hópfimleikum hafa valið fyrstu úrvalshópa drengja og stúlkna fyrir Evrópumótið 2020.

Mótið verður haldið í Kaupmannahöfn dagana 15.-18. október 2020 og mun fara fram í Ballerup Super Arena. Stefna Fimleikasambandsins er að senda fjögur lið á mótið, tvö í fullorðinsflokki og tvö í unglinga-flokki. Þrettán keppendur í úrvalshópunum eru úr Gerplu og óskum við þeim innilega til hamingju!

Nýr starfsmaður Gerplu

Sara Rut Ágústsdóttir hefur verið ráðin sem Markaðsstjóri Gerplu. Sara er margmiðlunarhönnuður að mennt auk þess að vera hönnuður í hreyfimyndagrafík. Hún mun sinna öllum markaðsmálum fyrir Gerplu ásamt því að sjá um samfélagsmiðlana okkar. Sara þekkir félagið vel enda æfði hún fimleika hjá okkur í 13 ár og vann fjölda titla , bæði innlenda og erlenda, með hópnum sínum í hópfimleikum. Hún hefur einnig þjálfað hópa í áhaldafimleikum sem og hópfimleikum. Við bjóðum Söru velkomna til starfa!

Takk fyrir önnina og sjáumst hress og kát í haust!